

Tillaga til þingsályktunar

um innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Flm.: Ingibjörg Isaksen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Stefán Vagn Stefánsson,
Halla Hrund Logadóttir, Þórarinn Ingi Pétursson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra, í samvinnu við innviðaráðherra og aðra hlutaðeigandi ráðherra, að innleiða landsbyggðarmat sem lögbundna og skyldubundna aðferð við undirbúning frumvarpa, reglugerða og stærri stefnumótunar- og fjárfestingaráætlana ríkisins.

Innleiðingin feli í sér:

- að landsbyggðarmat verði lögbundið og gildi um öll mál sem hafa veruleg áhrif á þjónustu, atvinnu, innviði eða lífsgæði í dreifbýli,
- að ferli landsbyggðarmats verði byggt á fjórum skrefum: skimun, ítarlegu mati, aðlögun/mótvægisáðgerðum og eftirfylgni/gagnasöfnun,
- að forsætisráðuneytið leiði samhæfingu, setji sameiginleg viðmið og að hvert ráðuneyti tilnefni sérstakan ábyrgðaraðila/dreifbýlistengil fyrir landsbyggðarmat,
- að Hagstofa Íslands og Byggðastofnun skilgreini byggða- og þjónustumælikvarða (viðmið) og setji upp opið mælaborð fyrir helstu vísa dreifbýlis,
- að skylt verði að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og hagsmunaaðila í upphafi stefnumótunar, áætlanagerðar og lagasetningar, með sérstakri áherslu á notkun staðbundinna gagna,
- að sveitarfélög og stofnanir fái leiðbeiningar og heimild til að beita landsbyggðarmati í stefnumótun, einkum í húsnaðis-, samgöngu- og stafrænum málum,
- að forsætisráðherra skili Alþingi árlegri skýrslu þar sem fram kemur hvaða mál hafi farið í gegnum landsbyggðarmat, helstu niðurstöður og mótvægisáðgerðir, auk þess sem fram fari sjálfstæð úttekt á áhrifum matsins á þriggja ára fresti,
- að gerð leiðbeininga og öðrum undirbúningi ljúki innan sex mánaða, að tilraunaverkefni hefjist á árinu 2026 og full innleiðing fari fram árið 2027.

Greinargerð.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að tryggja að stefnumótun og lagasetning stjórnvalda taki markvisst tillit til ólíkra aðstæðna í þéttbýli og dreifbýli. Landsbyggðarmat er ekki ætlað til að veita landsbyggðinni forréttindi heldur er það forvarnaaðgerð í stefnumótun sem á að koma í veg fyrir að lög og reglugerðir, sem hugsanlega eru mótuð á grundvelli þéttbýlisforsendna, hafi ófyrirséð og neikvæð áhrif í dreifbýli. Með því er dregið úr líkum á því að síðar þurfi að grípa til kostnaðarsamra mótvægisáðgerða til að leiðrétta óvæntar byrðar eða ósanngjörn áhrif stefnumótunar eða lagasetningar stjórnvalda sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir með vönduðu landsbyggðarmati.

Aðferðafræði landsbyggðarmats byggist á fjórum skrefum: skimun til að greina hvort mál hafi veruleg áhrif á dreifbýli, ítarlegu mati á umfangi og eðli áhrifa, aðlögun og mótvægisáð-

gerðum eftir þörfum, og loks eftirfylgni og gagnasöfnun til að tryggja að áhrif séu metin á kerfisbundinn hátt. Þessi nálgun er í samræmi við reynslu annarra ríkja sem hafa innleitt landsbyggðarmat. Á Norður-Írlandi, svo dæmi sé tekið, hvílir lagaskylda á stjórnvöldum að framkvæma landsbyggðarmat. Í Finnlandi er unnið á grunni fimm matsþátta sem ná til lífs-viðurværis, húsnæðis og þjónustu, aðgengis og samfélagssamhaldni, og á Englandi hefur tiltekin stofnun (DEFRA) eftirlit með að aðgerðir stjórnvalda taki tillit til ólíkra aðstæðna í dreifbýli. Loks má nefna að stjórnvöld í Kanada hafa lengi beitt eins konar dreifbýlissýn á aðgerðir sem áhrif hafa á dreifbýli (e. rural lens). Þessi fordæmi undirstrika mikilvægi landsbyggðarmats og þess að ferlið sé bæði lagalega skuldbindandi og vel útfært í framkvæmd.

Íslenskar aðstæður gera landsbyggðarmat sérstaklega mikilvægt þar sem landið einkennist af víðfeðmu landrými, dreifðri búsetu og langri vegalengd að þjónustu. Landsbyggðarmat getur aukið skilvirkni opinberra aðgerða, stuðlað að jafnræði og sparað samfélaginu kostnað. Við mótun landsbyggðarmats er nauðsynlegt að hafa samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila frá upphafi og tryggja að notuð sé staðbundin gögn sem sýna raunveruleg áhrif á mismunandi svæði. Sveitarfélög og stofnanir þurfa einnig að hafa leiðbeiningar og umfram allt skýrar heimild til að beita landsbyggðarmati í eigin stefnumótun, sérstaklega í húsnæðis-, samgöngu- og stafrænum málum.

Lagt er til að forsætisráðuneytið verði leiðandi í samhæfingu innan Stjórnarráðsins og að hvert ráðuneyti tilnefni sérstakan dreifbýlistengil sem ber ábyrgð á innleiðingu og samræmingu innan síns málefnasviðs. Árleg skýrsla til Alþingis um framkvæmd landsbyggðarmats tryggir gagnsæi og eftirlit og sjálfstæð úttekt á þriggja ára fresti tryggir stöðugar umbætur.

Landsbyggðarmat fellur vel að núverandi stefnu stjórnvalda um jafnvægi í byggðaþróun og skal jafnframt taka eftir atvikum mið af þeim opinberu áætlunum sem til staðar eru, svo sem byggðaáætlun og sóknaráætlunum landshluta, ýmsum reglum og fyrirmælum, svo sem um stefnumótun stjórnvalda og gerð áhrifamats í aðdraganda lagasetningar. Með þessu er tryggt heildræn nálgun í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Mikilvægt er að hafa í huga að landsbyggðarmat stuðlar að virkara lýðræði og auknu trausti milli ríkisvalds og hinna dreifðu byggða með því að tryggja að sjónarmið, hagsmunir og gögn úr dreifðum samfélögum fái vægi snemma við mótun stefna og áætlana sem varða landsbyggðina. Þetta getur t.d. varðað aðgengi að margs konar þjónustu og áhrif ýmissa tæknilausna.

Landsbyggðarmat er í góðu samræmi við þekkt alþjóðleg viðmið sem mótuð hafa verið af alþjóðastofnunum á borð við OECD (Principles on Rural Policy) og Evrópusambandið (Long-Term Vision for Rural Areas 2021–2040).

Niðurstöður landsbyggðarmats skulu birtar opinberlega á þar til gerðu stafrænu mælaborði sem tryggir gagnsæi og aðgengi almennings að upplýsingum um áhrif lagasetningar og stefnumótunar á hinar dreifðu byggðir.

Með samþykkt þessarar tillögu verður stigið mikilvægt skref til að bæta gæði stefnumótunar og lagasetningar, tryggja jafnræði íbúa landsins óháð búsetu og koma í veg fyrir að landsbyggðin verði fyrir neikvæðum og ófyrirséðum áhrifum af stefnum og lagasetningu stjórnvalda.